



Stykkishólmsbær
B.T. skipulagsfulltrúa
Hafnargötu 3
340 Stykkishólmur

7. júní 2022

Efni: Umsögn varðandi breytingu á deiliskipulagi Víkurhverfis í Stykkishólmsbæ

Breiðafjarðarnefnd fékk senda til umsagnar tillögu að breytingu á deiliskipulagi Víkurhverfis í Stykkishólmsbæ. Í tillögunni kemur fram að deiliskipulagsbreytingin er vegna mikillar jarðvegsdýptar á hluta svæðisins og þörf fyrir fjölgun lóða annars staðar. Markmiðið er einnig að stuðla að betri landnýtingu með þéttari byggð, auka fjölbreytileika íbúðarkosta, fegra heildaryfirbragð byggðarinnar, breyta botnlangagötum í vistgötur og tryggja gott aðgengi að verslun, þjónustu og útivistarsvæðum.

Breiðafjarðarnefnd vekur athygli á fráveitumálum. Ísland hefur lögleitt kröfur og markmið Evrópusambandsins í fráveitumálum. Í gildi eru reglugerðir um fráveitur og skólp nr. 798/1999 og um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999. Í þeirri fyrrnefndu eru m.a. gerðar þær kröfur að skólpi sé fargað á þann hátt að heilsu manna stafi ekki hætta af og að lífríki spillist sem minnst. Sömuleiðis er tilgreint að fyrir lok ársins 2005 verði lokið byggingu fullnægjandi fráveitumannvirkja.

Í rannsókn sem Náttúrustofa Vesturlands vann fyrir Stykkishólmsbæ árið 2005 kemur fram að allar útrásirnar í Stykkishólmi séu of stuttar og að skólpið nái í mörgum tilfellum ekki út í nægilega sterka strauma til að það hrífist frá landinu. Það veldur því að fjaran er á sumum svæðum nokkuð menguð vegna skólps¹. Staða fráveitukerfis í Stykkishólmi hefur ekki breyst verulega síðan 2005. Stækkun íbúasvæðis í Víkurhverfi mun auka skólp magn sem fer um rásir og endar í sjó við strandlínu Stykkishólmsbæjar.

Deiliskipulagstillagan tekur ekki mið af fráveitumálum að svo stöddu. Af gefnum upplýsingum byggingarfulltrúa Stykkishólmsbæjar verður Víkurhverfi að öllum líkindum tengt núverandi fráveitukerfi, sem endar í útrás austan Maðkavíkur. Þessar upplýsingar eru samt ekki tilgreindar í deiliskipulagstillögunni og þarf að mati nefndarinnar að skýra stöðu fráveitumála í henni. Í rannsókn Náttúrustofunnar frá 2005 kom fram að skólprás við Flatahverfi er nú þegar ekki nægilega löng og að vatnsgæði í nærumhverfi úrása eru slæm. Hætta er á að ástandið

¹ Náttúrustofa Vesturlands. (2005). Skólpmengun við útrásir í Stykkishólmi 2003-2004. *Fjölrit Náttúrustofu Vesturlands nr. 12*. Sótt frá https://www.stykkisholmur.is/library/Skrar/Skyrslur-og-serverkefni/Skra_0040721.pdf



BREIÐAFJARÐARNEFND

versni enn frekar með auknu magni skólps, með mögulegri ógn við lífríki sjávar og heilsu manna.

Breyting á deiliskipulagi tilgreinir að ein ástæða fyrir breytingu sé jarðvegsdýptin. Breiðafjarðarnefnd vill benda á að þegar fyrirhugað byggingarsvæði verður þurrkað og lífrænu efni jarðvegsins mokað upp mun súrefni eiga greiðari leið að kolefni sem hefur verið varðveitt í jarðveginum og það mun losna út í andrúmsloftið sem koltvíoxíð. Mójörð sem einkennir framkvæmdarsvæðið geymir eitt hæsta magn kolefnisígilda á Íslandi; allt að 125 kg kolefni á fermetra². Sé þessi ráðstöfun lands talin æskileg er nauðsynlegt að ráðast í mótvægisáðgerðir til að binda kolefni á móti því magni sem losnar.

Umræða um stækkun íbúasvæðis í Stykkishólmi þarf að taka tillit til náttúrlegra þátta sem tengjast verndarsvæði Breiðafjarðar og loftslagsmarkmiðum stjórnvalda. Skólpmengun hefur áhrif á vatnsgæði og þar af leiðandi á lífríki sjávar og heilsu manna. Strendur í kringum Stykkishólmi eru verndaðar samkvæmt lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar. Auk þess þarf að taka tillit til losunar gróðurhúsalofttegunda sem fylgir framkvæmdum eins og þeim sem fyrirhuguð er í Víkurhverfi.

Virðingarfyllst,

Fh. Breiðafjarðarnefndar

Erla Friðriksdóttir,

formaður Breiðafjarðarnefndar

² Landbúnaðarháskóli Íslands. (2020). Loftslag, kolefni og mold. *Rit Lbhl nr. 133*. Sótt frá https://www.lbhi.is/images/pdf/utgefing%20efni/fjolrit%20rannsóknastofnunar%20landbunadarins/rit_lbhl_nr_133_ok.pdf